



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1515
komudagur 25.4.2005

Reykjavík 22. apríl 2005.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61 /1997 um Nýsköpunarjód atvinnulífsins, 659. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum 61/1997 um Nýsköpunarjód atvinnulífsins, 659. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins verði ekki lengur skylt að starfrækja tryggingardeild útflutningslána. Þessar breytingar eiga þó ekki að hafa áhrif á núverandi ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Nýsköpunarsjóðs vegna tryggingardeildarinnar. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ástæðurnar fyrir því að það er lagt fram séu fyrst og fremst þær að ekki hafi verið mikill áhugi meðal útflutningsfyrirtækja að nýta sér þjónustu deildarinnar svo og að tekjur hafi ekki staðið undir starfsemi hennar.

Rétt er að hafa í huga að ein aðalástæðan fyrir takmörkuðum umsóknum um þjónustu tryggingadeildarinnar undanfarin misseri kann að felast háu gengi krónunnar, þ.e. að óhagstætt gengi hafi dregið úr vilja margra minni fyrirtækja til að taka þá áhættu sem felst í vöruþróun og útflutningi á nýja markaði. Þá er einnig rétt að setja fyrirvara við kröfu um að þjónusta eins og sú sem tryggingadeildin veitir eigi yfir höfuð að standa undir sér þegar til skemmri tíma er litið.

Alþýðusamband Íslands telur nauðsynlegt að hið opinbera ýti undir og styðji við nýsköpun í atvinnulífinu, m.a. útflutning á nýja markaði. Í þessu ljósi telur sambandið líklegt að sú þjónusta sem tryggingardeildin hefur veitt geti skipt sköpum fyrir þróun atvinnulífsins á komandi árum, eftir að meira jafnvægi hefur komist á í efnahagslífinu. Alþýðusambandið telur því varhugavert að leggja til að starfsemi deildarinnar verði lögð niður – forsenda fyrir slíku er að fyrst hafi farið fram skipulögð umræða og að fyrir liggi víðtæk sátt í samfélaginu um hlutverk stjórnvalda í nýsköpun.

Alþýðusamband Íslands leggst því gegn því að það frumvarp sem hér er til umsagnar verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Stefán Úlfarsson

Hagdeild ASÍ